

Feneyjar í fimmtíu ár

MYNDLIST

ANNA JÓA



Listasafn Reykjavíkur
– Kjarvalsstaðir

Sýning sýninganna
– Ísland í Feneyjum í 50 ár
★★★★☆

Til 25. apríl 2011. Opíð alla daga kl. 10-17. Aðgangseyrir: fullorðnir 1.000 kr., hópar (10+) 600 kr., námsmenn yngri en 25 ára 500 kr., börn yngri en 18 ára, eldri borgarar og öryrkjar: frítt. Árskort 3.000 kr. Sýningarstjóri: Laufey Helgadóttir.

Flestir, ef ekki allir, vita af því þegar íþróttalið keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum stórmótum – en skyldi þátttaka íslenskra listamanna, sem fulltrúar þjóðarinnar, í hinum alþjóðlega myndlistarstórviðburði, Feneyjatvíæringnum, vera landsmönnum jafnkunn hverju sinni? Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir „Sýning sýninganna – Ísland í Feneyjum í 50 ár“ og þar er vakin athygli á starfinu og metnaðinum sem tengist framlagi þjóðarinnar á þessum elsta tvíæringi heims en hann var fyrst haldinn árið 1895 á slóðum gondóla í hinni fögru ítölsku borg.

Alls hafa 22 íslenskir listamenn tekið þátt, en að starfinu koma einnig fagnefndir, skipaðar af opinberum aðilum eða stofnun, sem sjá um valið hverju sinni, auk þess sem hver listamaður hefur með sér teymi aðstoðarmanna við uppsetningu og sérskipaður sýningarstjóri heldur utan um skipulagningu og aðra þætti framkvæmdarinnar. Á Kjarvalsstöðum má sjá þrýðilegt sýnishorn verkanna sem í gegnum tíðina hafa ratað til Feneyja, í hina ýmsu skála, auk þess sem sjá má heimildamyndir um ferðina, m.a. í þeim tilvikum þar sem ekki er unnt að setja verkin upp sökum umfangs. Þessi þáttur sýningarinnar varpar ljósi á aðdragandann og ferlið, sem einkennst getur af óvæntum uppákomum. Til dæmis kemur fram í viðtali við Kristján Guðmundsson að þegar hann og Jón Gunnar Árnason



Sýning sýninganna á Kjarvalsstöðum. Hér má sjá verk eftir þrjú Feneyjafara: Birgi Andrésson, til vinstri, Erró og Sigurð Árna Sigurðsson.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

(þeir voru báðir fulltrúar Íslands árið 1982) mættu á svæðið hafi verkin verið týnd og „bara gras“ þar sem átti að vera sýningarskáli. Framan af var umgjörðin um íslensku listamennina of veikburða. Í texta sýningarskrár rekur Laufey Helgadóttir listfræðingur hins vegar hve margt hefur áunnist hvað snertir faglega umgjörð, eftirfylgni og stuðning hins opinbera. Listamennirnir standa fyrir sínu en vönduð kynning eykur verulega líkurnar á að þeir geti aflað sér brautargengis á alþjóðavísu og þá er tilganginum náð og framtíðin allt þjóðinni til sóma. Um leið vakna spurningar um hvað mótar val á listamönnum hverju sinni.

Það er mikil heiður að vera valinn á Feneyjatvíæringinn en hann hefur þá sérstöðu að þar keppa þjóðarfulltrúar um verðlaun, Gullljónið. Svo virðist sem listamenn, og fólkið í valnefndinni, setji sig oft ósjálfrátt í þjóðlegar stellingar því að verkin á Kjarvalsstöðum fela í sér margs konar vísanir í íslenska náttúru og menningararf, þótt það eigi ekki við um alla listamennina. Slík verk geta verið kímín eða gagnrýnin og í

mörgum verkanna má glögglega skynja væntumþykju og umhyggju fyrir landinu og menningunni.

Fyrstu fulltrúar Íslands árið 1960 voru Jóhannes S. Kjarval og Ásmundur Sveinsson en í verkum þessara ástsælu listamanna eru fólgnar sterkar skírskotanir í íslenska náttúru og þjóðsögur. Ekki hefur verið hlaupið að þátttöku því tólf ár liðu þar til Ísland tók næst þátt en þá sýndu fulltrúar afstraktkynslóðarinnar, Þorvaldur Skúlason og Svavar Guðnason, verk sem lýsa innlifun í krafta náttúrunnar. Það er til marks um alþjóðlega stöðu Sigurðar Guðmundssonar – og hróður íslenskar „nýlistar“ – að honum var boðin þátttaka tvisvar í röð af erlendum aðilum, árið 1976 og 1978, í fyrri skiptið á hliðarsýningu við tvíæringinn og í síðara skiptið bauð norræna sendinefndin honum að sýna sem fulltrúi Íslands í skála Norðurlandþjóðanna. Þegar þarna er komið er framlag Íslands orðið meira samstiga hræringum í alþjóðlegum myndlistarheimi – það má sjá með því að skoða tímalínuna í miðrými Kjarvalsstaða þar sem nöfn annarra þjóðarfulltrúa eru tilgreind.

Listamenn tengdir SÚM eru áberandi næstu tvö skiptin, og eftir það er val listamanna aftur komið í hendur Íslendinga.

Tískustraurar, hræringar í listheiminum og þemu tvíæringssins hafa áhrif á hverjir eru valdir til þátttöku. Málverkð komst t.d. aftur í sviðsljósið með ný-expressjónískum hræringum um og upp úr 1980 og var Kristján Davíðsson valinn fulltrúi Íslands 1984. Og næstu þrjú skiptin eru málarar á ferðinni, Erró og í fyrsta skipti málarar af yngri kynslóð, þeir Gunnar Örn og Helgi Þorgils Friðjónsson sem ásamt Kristjáni eiga sameiginlega vísun í íslenska náttúru, ljóðræna, villta og dýrslega, eða sem svið fyrir goðsagnakenndar mannverur. Eftir þetta einkennist framlag Íslands aðallega af blandaðri tækni og innsetningum í samræmi við tíðarandann – oft með blöndu af ýmsum miðlum og tjáningarformum, svo sem skúlptúrum, myndverkum, skjá- og hljóðverkum og gjörningum. Val Errós mun m.a. hafa ráðist af stöðu hans og þeim tengslum sem hann býr yfir í listheiminum – og vissulega vöktu verk hans athygli á framlagi Íslands

í þeirri hringiðu alþjóðlegrar myndlistar sem Feneyjatvíæringurinn er.

Konur komust í íslensku valnefndina árið 1988 en það var þó ekki fyrr en 1997 að kona var í fyrsta sinn valin á Feneyjatvíæringinn og var það alþjóðlega viðurkenndur frumkvöðull á sviði vídeólístar, Steina Vasulka. Í verkum hennar birtist nýstárleg og rafræn sýn á náttúruöflin. Hún var jafnframt fyrsti listamaðurinn til að vinna markvisst með innsetningaformið í Feneyjum, þótt vissulega hafi margir fyrirrennara hennar tekið rýmið með í reikninginn. Steina, Rúri, Gabríela Friðriksdóttir og Libia Castro, sem heldur til Feneyja í sumar ásamt samstarfsmanni sínum Ólafi Ólafssyni, mynda fámennan hóp kvenna sem hlotnast hefur sá heiður að sýna á Feneyjatvíæringnum fyrir hönd Íslands. Þó hefur enginn skortur verið á framúrskarandi listamönnum af kvenkyni. Á undanförunum árum hefur hins vegar ekki lengur verið hægt að horfa framhjá alþjóðlegum tengslum þeirra og viðurkenningum. Fleiri konur eiga án efa eftir bætast í hópinn á þessum áratug.

Skáldskapur og ferðafrásagnir

AF LISTUM

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is



Þegar John Steinbeck var 58 ára gamall hélt hann í ferðalag ásamt púluhundinum Charley. Þeir stigu inn í húsbílinn Rosinante – sem var nefndur eftir hesti Don Kíkóta, og óku í stóran hring um Bandaríkin.

Tveimur árum síðan kom ferðasagan út á bók, *Travels With Charley - In Search of America*.

Steinbeck var 58 ára gamall þegar ferðin hófst árið 1960. Hann var fæddur sama ár og Halldór Laxness, 1902, og fékk Nóbélinn sjö árum á eftir Halldóri. Bestu og kunnustu verk hans eru *Þrjúgur reiðinnar*, *Mýs og menn* og *Austan Eden*. Ég set bókina um ferðalagið með Charley hikkaust í þann flokk.

●●●

Í meðförum snjallra rithöfunda er ferðasagan heillandi bókmenntaform. Inn í hana er hægt að fella allt mögulegt: samtöl, fræði um land og náttúru, tölulegar upplýsingar, sagnfræði, ljóðlist, vísindi, merkilegar sem ómerkilegar upplýsingar – og ekki má gleyma ferðalýsingunni. Svo þarf höfundurinn iðulega að beita brögðum



Steinbeck og Charley. Var ferð þeirra um Bandaríkin nákvæmlega eins og nóbelsverðlaunahöfundurinn segir frá? Skiptir það máli fyrst bókin er góð?

» Í meðförum snjallra rithöfunda er ferðasagan heillandi bókmenntaform. Inn í hana er hægt að fella allt mögulegt.

skáldskaparins til að gera annað og meira en handbók með upplýsingum fyrir ferðamenn – skapa bókmenntir.

Það tekst Steinbeck vel í bókinni um ferðalagið með Charley. Þegar hann lagði upp fannst honum hann vera gamall og útbrunninn, hann hafði glímt við líkamlega vanheilsu og þunglyndi að auki og hugðist næra anda sinn um leið og hann kynntist landi sínu að nýju.

Steinbeck ferðaðist um, skoðaði staði, ræddi við fólk, sneri heim og skrifaði frábæra bók þar sem hann bregður upp mynd af landi sem er ekki alltaf falleg en hún er einlæg.

●●●

Í The New York Times var í gær sagt frá Bill Steigerwald, fyrrverandi blaðamanni, sem ók sömu leið og hann telur Steinbeck hafa farið. Hann segir rithöfundinn ekki segja satt um ferðir sínar í bókinni: „Nánast engu sem hann skrifa-

ði í „Charley“, um hvar hann svaf og hvern hann hitti á þvælingnum um Ameríu er hægt að treysta.“

Sonur Steinbecks segist reyndar alls ekki viss um að faðir sinn hafi hitt allt fólkið sem hann segir frá. „Hann sat bara í húsbílinum og skrifaði þetta,“ er haft eftir honum.

Steigerwald er hneykslaður á því að ferðasaga sem hafi verið kynnt sem „sönn“ sé skáldskapur.

„Ef fræðimenn hafa ekki áhyggjur af þessu, um hvað er þu þá að hugsa?“ spyr hann.

●●●

Líklega má telja vinnubrögð Steinbecks dæmigerð fyrir bestu ferðabókahöfunda síðustu áratuga. Bruce Chatwin var skammadur fyrir að hafa ekki átt nákvæmlega þau samtöl við fólk sem hann greinir frá í *In Patagonia* og *The Songlines* – engu að síður þykja báðar bækurnar meistaralegar lýsingar á menningu og innviðum Argentínu og Ástralíu.

„Ef það þarf að ná anda einhvers, þá er stundum nauðsynlegt að beita tækjum skáldskaparins,“ segir Jay Parini sem skrifaði ævisögu Steinbecks. „Steinbeck var skáldsagnahöfundur og í bókinni mótar hann atburði, gefur þeim nudd.“ Eins og nauðsynlegt kann að vera til að greina frá sannleikanum.